

Minnisblað

Efni: Drög að frumvarpi

Til: Fálags- og tryggingamálanefndar

Frá: Fjármálaráðuneytinu

Í drögum að frumvarpi frá félags- og tryggingamálanefnd er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í rekstri. Með frumvarpinu er ætlunin að sníða af annmarka sem komið hafa í ljós við framkvæmd laga um greiðsluaðlögun, skýra ýmiss ákvæði laganna og tryggja eins og kostur er virkni greiðsluaðlögunar sem og samræmda framkvæmd hennar.

Lög nr. 101/2010: Lagðar eru til nokkra breytingar á lögum nr. 101/2010. Í fyrsta lagi er lagt til að það sé nægjanlegt skilyrði fyrir greiðsluaðlögun einstaklinga að skuldari hafi haft lögheimili og búið hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt, en ekki endilega að hann sé íslenskur ríkisborgari eins og nú er.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði um greiðsluaðlögun krafna frá LÍN vegna námslána verði gerð skýrari þannig að ekki verði hægt að skilja ákvæðið þannig að það taki til allra lána er gætu hugsanlega tengst töku námslána, t.d. yfirdrátt í viðskiptabanka.

Í þriðja lagi er lagt til að unnt verði að sækja um heimild til greiðsluaðlögunar eða nauðasamnings til greiðsluaðlögunar að nýju þremur árum eftir að fyrst var fengin slík heimild. Þetta verði ekki háð sérstæðum aðstæðum eins og nú er, sem erfitt getur verið að meta þeim mun lengra sem líður frá því fyrst var veitt heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er jafnframt lagt til að hafi skuldari fengið samþykktan nauðasamning til greiðsluaðlögunar fyrir gildistöku laga nr. 101/2010 skuli ekki sjálfkrafa synja beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar.

Í fjórða lagi er lagt til að hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun einstaklings sem hefur gildan nauðasamning til greiðsluaðlögunar, fellur sá nauðasamningur sjálfkrafa úr gildi og ekki nauðsynlegt að fara með slík mál fyrir dóm.

Í fimmta lagi er lagt til að kærufrestur samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga verði lengdur úr einni viku í tvær.

Í sjötta lagi er lagt til að umboðsmaður skuldara semji verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar sem ráðherra staðfestir og birtar skulu opinberlega.

Í áttunda lagi er áréttað að staða skuldara og ábyrgðarmanna þeirra verði sú sama gagnvart innheimtuaðgerðum kröfuhafa, þ.e. ef ekki er hægt að ganga að skuldara gildi það einnig um ábyrgðarmenn þeirra.

Að lokum eru ákvæði um skráningu á umsókn um greiðsluaðlögun og athugasemdum í þinglýsingarbækur, auk afskráninga á slíkum athugasemdum gerð skýrari.

Með frumvarpi til greiðsluaðlögunar sem varð að lögum nr. 101/2010 var gerð all ítarleg kostnaðarumsögn af hálfu fjármálaráðuneytisins um kostnaðaráhrif á ríkissjóðs. Niðurstaðan var að veruleg óvissa væri um fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð og var sérstaklega bent á að ekki lægi fyrir áætlun um væntanlega eftirspurn eftir greiðsluaðlögunarræðum. Jafnframt kom fram að unnið væri að samantekt gagna og frekari greiningu á fjárhagslegum áhrifum á ríkissjóð og fjármálastofnanir í hans eigu. Þá lágu niðurstöður ekki fyrir og gera ekki enn. Því er ítrekuð nauðsyn þess hér að slíkri úttekt verði hraðað sem mest þannig að

hægt verði að leggja mat á heildaráhrif lagasetningarinnar og þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til þó þær einar og sér virðist ekki gefa tilefni til aukins útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

Lög nr. 21/1991: Hér er lagt til að lögum um gjaldþrotaskipti verði breytt þannig að samræmt verði í lögum hvaða kröfur eru ekki teknar til greina vegna nauðasamnings til greiðsluaðlögunar þannig að ekki verði hægt að sækja aukinn rétt eftir gjaldþrotalögum, umfram lög um greiðsluaðlögun einstaklinga. Ekki verður séð að þessi breyting á gjaldþrotalögum hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Lög nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri: Ýmis ákvæði þessara laga eru nú til endurskoðunar í fjármálaráðuneytinu, meðal annars það sem vísað er til í þessu frumvarpi, og mun fjármálaráðherra kynna allnokkrar breytingar á lögum á allra næstu dögum. Í ljósi þess er lagt til að 11. gr. í frumvarpi félags- og tryggingamálanefndar verði felld út, enda á málinu tekið í væntanlegu frumvarpi frá fjármálaráðherra.